

2000070072

1300; 9310

Garðabær  
Eiríkur Bjarnason, bæjarverkfræðingur  
Garðatorgi 7  
210 Garðabær

Reykjavík, 8. september 2000

/--

**Efni: Ákvörðun um matsskyldu. Vífilsstaðavegur frá Hraunsholtsbraut í Ásum að Balatjörn í Garðabæ**

Vísað er til erindis Garðabæjar dags. 10. júlí 2000 þar sem samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er óskað eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu lagningar Vífilsstaðavegar frá Hraunsholtsbraut í Ásum að Garðaholti.

Skipulagsstofnun leitaði álits Garðabæjar, Náttúruverndar ríkisins og Hafnarfjarðarbæjar. Álit bárust frá Garðabæ með bréfi dags. 24. ágúst 2000, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 23. ágúst 2000 og Hafnarfjarðarbæ með bréfi dags. 29. ágúst 2000. Skipulagsstofnun bárust svör Garðabæjar í ljósi álits Náttúruverndar ríkisins með bréfi dags. 31. ágúst 2000.

Í framlögðum gögnum Garðabæjar er samkvæmt uppdráttum um að ræða um 2 km tengibraut frá Hraunsholtsbraut í Ásum um Gálgahraun að Balatjörn í Garðabæ. Kynntir eru tveir möguleikar á tengingu Vífilsstaðavegar við fyrirhugaðan Álftanesveg samkvæmt leið A og leið B.

Bæjarráð Garðabæjar og Hafnarfjarðarbær telja ekki að um matsskylda framkvæmd sé að ræða. Bæjarráð Garðabæjar telur að ekki verði séð að fyrir hendi séu aðstæður til að breyta legu vegarins og umhverfistengd atriði svæðisins hafi þegar komið fram við mat á umhverfisáhrifum Álftanesvegar.

Samkvæmt áliti Náttúruverndar ríkisins skal framkvæmdin háð mati á umhverfisáhrifum, þar sem vegurinn er á verndarsvæði sem er á náttúruminjaskrá og svæðið hafi mikið verndargildi sem stórbrotið nútímahraun með fjölskrúðugu lífríki. Svæðið hafi gildi sem ósnortin náttúra í nágrenni þéttbýlis, fólki til afþreyingar og heilsubótar. Náttúruvernd ríkisins telur að mikil náttúruverðmæti séu í húfi í Garða- og Gálgahrauni og því beri að meta umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda. Ennfremur telur stofnunin að þær framkvæmdir sem hér um ræðir beri að skoða í samhengi við aðrar framkvæmdir á svæðinu, sbr. fyrirhugaðar breytingar á Álftanesvegi.

Í svörum Garðabæjar kemur fram það álit að ekki beri að líta svo á að Vífilsstaðavegur sé á

verndarsvæði, þó hann sé á svæði, sem er á náttúruminjaskrá. Ekki hafi náðst samkomulag um friðlýsingu svæðisins, en svæðið norðan fyrirhugaðs Vífilsstaðavegar sé hins vegar bæjarverndað í aðalskipulagi Garðabæjar. Einnig kemur fram að Vífilsstaðavegi sé ætlað að vera meginás innanbæjarumferðar eftir endilöngum Garðabæ frá Garðaholti að Vífilsstaðavatni og að byggð á Garðaholti geti ekki orðið að veruleika verði Vífilsstaðavegur ekki lagður.

### Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Um er að ræða tengibraut í þéttbýli sem samkvæmt 6. gr. og lið 10.b í 2. viðauka með lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.

Í úrskurði skipulagsstjóra ríkisins frá 7. júní 2000 var fallist á fyrirhugaða lagningu Álftanesvegar samkvæmt leið B eða C með því skilyrði að endanleg hönnun og staðsetning tengingar við Vífilsstaðaveg yrði ákveðin þegar málsmeðferð Vífilsstaðavegar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum væri lokið. Í úrskurðinum var farið fram á frekara mat á umhverfisáhrifum Álftanesvegar samkvæmt leið A og að við frekara mat á umhverfisáhrifum leiðar A verði áhrif vegarins metin m.t.t. þeirrar skerðingar sem tenging við Vífilsstaðaveg hafi á sömu umhverfispætti.

Gálgahraun er eldhraun og nýtur sérstakrar landslagsverndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og svæðið er einnig á náttúruminjaskrá. Að mati Skipulagsstofnunar má í Gálgahrauni vænta sammögnunaráhrifa með Álftanesvegi og tengingu hans við Vífilsstaðaveg. Einnig telur stofnunin að vegna staðsetningar vegarins megi vænta loftmengunar og ónæðis af völdum hávaða frá bílaumferð m.a. í nágrenni við fyrirhugaða íbúðarbyggð á Garðaholti og á Hleinum og í Gálgahrauni, sem hefur mikið útivistargildi. Skipulagsstofnun telur að lagning vega um Gálgahraun kunní að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu. Á grundvelli gagna framkvæmdaraðila og að fengnu áliti Garðabæjar, Náttúruverndar ríkisins og Hafnarfjarðarbæjar er það mat Skipulagsstofnunar að lagning Vífilsstaðavegar frá Hraunsholtsbraut í Ásum að Balatjörn í Garðabæ sé matsskyld framkvæmd samkvæmt fyrrnefndum lögum.

Vífilsstaðavegur og Álftanesvegur eru matsskyldar framkvæmdir sem eru fyrirhugaðar á sama svæði. Skipulagsstofnun mun því beina því til framkvæmdaraðila að samhliða mati á umhverfisáhrifum Vífilsstaðavegar fari fram mat á umhverfisáhrifum Álftanesvegar samkvæmt leið A eða tengingu Vífilsstaðavegar við Álftanesveg samkvæmt leið B eða C.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 11. október 2000.

Auður Andrésdóttir

Fylgiskjöl:

1. Álit bæjarráðs Garðabæjar dags. 24. ágúst 2000
2. Álit Hafnarfjarðarbæjar dags. 29. ágúst 2000
3. Álit Náttúruverndar ríkisins dags. 23. ágúst 2000

Afrit af bréfi Skipulagsstofnunar til Garðabæjar:

Umhverfissráðuneytið  
Hafnarfjarðarbær  
Náttúruvernd ríkisins